

Erindi íbúa í hverfinu dags. 1. september 2020 til formanns íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um hraðaminnkandi aðgerðir neðarlega í Breiðagerði.

Við óskum eftir hraðahindrun neðarlega í Breiðagerði, t.d. við Melgerði. Það eru nokkrar hraðahindranir/þrengingar ofarlega í Breiðagerðinu (þ.e. frá Grensásvegi og að Breiðagerðisskóla) en svo tekur við brekka frá Breiðagerðisskóla niður á Sogaveg þar sem myndast mikill hraði á ökutækjum, bæði bílum og vespum sem er mjög vinsælt að bruna niður þessa brekku á.

Þarna fer fjöldi barna um á hverjum degi á leið í skólann og auk þess eru tvö mjög varhugaverð horn þarna (gatnamót Hlíðargerðis og Breiðagerðis sem og gatnamót Melgerðis og Hlíðargerðis) þar sem lagðir bílar byrgja gjarnan sýn bæði gangandi vegfarenda og ökumanna.

Sigurður Eggertsson.